

dómi. Að því leyti málið í hjerði hefur verið varið með gjafvörn og fyrir yfirdómi sótt með gjafsókn, hefur rekstur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og heimvísast málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, en sem málfutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, Eggerts Briem, greiðast af almannafje 15 krónur.

Nr. 36/1894:

Sigfús Sveinbjarnarson
gegn

Birni Bjarnarsyni, Þórði Ögmundssyni og Sigurði Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni tyrir hönd bændanna Björns Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af hótunar- og ógnunarorðum hans við tjeða 3 bændur, og var dómur upp kveðinn í því af gestarjettinum 21. sept. 1893 á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landskjóds samkvæmt 212. gr. almennra hegningarlaga 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og

sem málskostnað 420 kr. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi þessa rjettar 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinir stefndu verði, hvernig sem fer, dæmdir til in solidum að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinir stefndu hafa, eptir að kröfu þeirra um frávisun málsins frá yfirdóminum hefur verið hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., nú krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hinum stefndu 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti og að sáttaumleitun sú, sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettar meðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af máls skjölunum má sjá það, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en stefndi, hafa verið heimilisfastir í þinghánni; sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sáttanefnd. Það verður því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan

og vísa málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1894:

Sigfús G. Sveinbjarnarson
 gegn
 Konráði Hjálmarssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Konráðs Hjálmarssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 19. sept. 1893 á þá leið, að Sigfús var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, enn fremur til að borga 50 kr. í málskostnað og hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að stefndi